



Fréttabréf framkvæmda við húsnæði löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu



HVVH FRÉTTIR

JANÚAR 2023 - 2. TÖLUBLAÐ



Forval arkitekta

Þáttökubeiðnum að forvali arkitekta fyrir samkeppni um húsnæði löggæslu- og viðbragðsaðila var skilað af áhugasömum teyminum þann 17.01.2023.

Alls bárust 9 þáttökutilkynningar frá eftirtöldum aðilum:

1. Arkis arkitektar
2. Arkþing Nordic
3. Bjarke Ingels Group A/S
4. Hornsteinar Arkítektar
5. T.ark Arkitektar ehf
6. Thg Arkitektar
7. VA Arkitektar
8. WERK Arkitekter ApS
9. Yrki arkitektar

Gert er ráð fyrir að yfirferð allra innsendra gagna verði lokið um mánaðarmót janúar/febrúar og þá verði ljóst hvaða fimm stigahæstu aðilar fá þáttökurétt.

HVERNIG ERU TEYMIN VALIN

Öll arkitektateymi sem óska þáttöku senda inn upplýsingar um getu og reynslu. Þau senda jafnframt inn gögn um lykilstarfsmenn og fá stig samkvæmt þeim upplýsingum.

Fimm stigahæstu teyminum verður boðið til þáttöku.

Séu mörg teymin með sama stigafjölda er dregið milli aðila.

Skipulagslýsing verkefnisins

Skipulagslýsing húsnæðis viðbragðsaðila fékk umfjöllun í Umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar

Í skipulagslýsingunni, kemur fram að nýta eigi landhalla á lóð til þess að „koma því byggingarmagni sem getur notið þess að vera neðanjarðar fyrir með þeim hætti“, auk þess sem stefnt sé að því að hæstu byggingarnar á lóðinni verði ekki hærri en 5 hæðir séð frá Sæbraut. Segir jafnframt að "Gert er ráð fyrir að um samhangandi staka byggingu sem unnt er að skipta upp í aðskilin rými eftir þörfum og reglubundinni starfsemi með rýmum neðanjarðar verði reist á lóðinni."

Einnig kemur fram að „Þar segir einnig að stefnt skuli að því að byggingar á lóðinni verði umhverfinu til sóma, og að uppbyggingin verði „birtingarmynd metnaðarfullrar hönnunar hvað varðar umhverfis- og loftslagsmál og fagurfræði“, auk þess sem björgunarmiðstöðin verði Svansvottuð.

Lýsinguna má finna á [vef FSRE](#) og einnig á vef Reykjavíkurborgar:

<https://reykjavik.is/fundargerdir/umhverfis-og-skipulagsrad-fundur-nr-253>

STÝRIHÓPUR VERKEFNISINS:

Jón Gunnar Vilhelmsson
Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Ragna Bjarnadóttir
Dómsmálaráðuneyti

Guðrún Ingvarsdóttir
Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir

VERKEFNISSTJÓRI VERKEFNISINS:

Hannes Frímann Sigurðsson
Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir



NÁNARI UPPLÝSINGAR

Allar upplýsingar um hönnunarferlið og framkvæmdina verða birtar á vefsíðu FSRE, og síðar á sérstakri heimasíðu tileinkaða verkefninu.

Einnig verður upplýsingum reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum.



AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR
BORGARTÚNI 26 · FSRE.IS